



Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (885)/2021

Boðað er til 7. (885). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2104022F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/4 '21.
2. 2104032F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/4 '21.
2009461 - Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi mögulega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum, dags. 22.09.20.
3. 2104044F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/5 '21.
2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Garðahverfis.
2012166 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 14.
2103205 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Maríugötu 9-11.
2103593 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Kinnargötu 92.
2104445 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Vetrarmýri.
2104444 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn HS Veitna hf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 11 kV háspennujarðstrengs milli Kaldárselsvegar og Urriðaholts.
2102110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæði Sóta.
2102111 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Víðiholt.
2104418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun í Glerhallardýi.
4. 2104023F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 21/4 '21.
5. 2104020F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 16/4 '21.



6. 2104002F - Fundargerð leikskólanefndar frá 14/4 '21.
7. 2104031F - Fundargerð leikskólanefndar frá 28/4 '21.
8. 2105001F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 3/5 '21.
9. 2104035F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/4 '21.
10. 2103036F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/4 '21.
11. 2104009F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 15/4 '21.
12. 2104012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/4 '21.
13. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 26/4 '21.
14. 2102249 - Fundargerðir stjórnar SHS nr. 224-227 frá 24/3 - 16/4 '21.
15. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9/4 '21.
16. 2102176 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 9/4 '21.
17. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 12/4 '21.
18. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 21/4 '21.
19. 2009461 - Tillaga um stækkun heilbrigðiseftirlitsvæðis.
20. 2105042 - Tillaga um flokkun úrgangsstrauma við byggingarframkvæmdir.
21. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 - Lántaka.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
6. (884). fundur 2021

Fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vefsíðu bæjarins.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. mars 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2103603 - Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda geti verið með fjarfundarbúnaði.

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

"Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verði að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnarlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins, sbr. 1. tl. í auglýsingu ráðherra. Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. 5. tl. í auglýsingu ráðherra. Samþykkt þessi gildir til 31. júlí 2021, sbr. auglýsing nr. 354/2021, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. 1. mgr. 131 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 22/2021"

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. 2103040F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/3 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., bréf Hjallastefnunnar varðandi rekstur leikskólanna Litlu Ása og Hnoðrahólts á Vífilsstöðum og 23. tl., tillögu Garðabæjarlistans um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., bréf Hjallastefnunnar varðandi rekstur leikskólanna Litlu Ása og Hnoðrahólts á Vífilsstöðum og 23. tl., tillögu Garðabæjarlistans um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna og svaraði fyrirspurnum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 11. tl., bréf Hjallastefnunnar varðandi rekstur leikskólanna Litlu Ása og Hnoðrahólts á Vífilsstöðum og almennt um stöðu leikskólamála.

Gunnar Einarsson, ræddi almennt um stöðu leikskólamála.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir beiðni stjórnar Strætó bs. um heimild til að sækja um yfirdráttarheimild á reikning félagsins hjá Arion banka að fjárhæð kr. 300.000.000. Heimildin er veitt til að tryggja í öryggisskyni nægt fjármagn til fjárstreymis Strætó bs. út árið 2021. (Mál nr. 2103373)

Bæjarstjórn samþykkir samning við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu byggðar samkvæmt deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts. (Mál nr. 2102362)

Fundargerðin sem er 24 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2103051F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/3 '21.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 6. tl., bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar vegna lokunar Garðahraunsvegur (Gamla Álftanesvegur) við Herjólfsbraut, 8. tl., tillögu að reglum Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og 13. tl., svæði fyrir matjurtagarða í bæjarlandinu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar vegna lokunar Garðahraunsvegur (Gamla Álftanesvegur) við Herjólfsbraut, 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021 og 8. tl., tillögu að reglum Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021.

Gunnar Einarsson, ræddi 12. tl., tillögu skólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla árið 2021 og 6. tl., bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar vegna lokunar Garðahraunsvegur (Gamla Álftanesvegur) við Herjólfsbraut.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2104007F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/4 '21.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., COVID19 – neyðarstig almannavarna. Almar bauð Svanhildi Þengilsdóttur, nýráðnum sviðsstjóra fjölskyldusviðs, velkomna til starfa.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans, 27. tl., bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag, 28. tl., bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi staðfestingu á umsókn Brynju íbúðafélags um stofnframlag og 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans, 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi erindi um uppbyggingu og skipulag Setbergslands, 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna og 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Gunnar Einarsson, ræddi 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi erindi um uppbyggingu og skipulag Setbergslands og gerði grein fyrir viðræðum við landeigendur og upplýsti að rætt hafi verið um möguleika á að hefja skipulagsvinnu við atvinnusvæðið og vegtengingar við Kaupþún og Reykjanesbraut. Þá ræddi Gunnar 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna og 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna og 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á afrein á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Arnarnesvegar og gerð undirgangna.

Ingvar Arnarson, ræddi 29. tl., kauptilboð Reir ehf. í fasteignina að Holtsbúð 87.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um að heimilað verði að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Lindarflöt 10 verði 9,6 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Lindarflatar nr. 7, 8, 9, 11, 12 og Smáraflatar nr. 42 og 44. (*Mál nr. 2101238*)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lóðarinnar við Hraungötu 7. Tillaga var grenndarkynnt og barst athugasemd frá íbúum við Holtsveg.

Skipulagsnefnd samþykkir, til að koma á mótis við athugasemdir íbúa, að gera eftirfarandi breytingu við tillögu sem kynnt var.

„Svalagangur: Veggur stigagangs á milli húshluta skal vera lokaður á þeirri hlið sem snýr að Holtsvegi“.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt bæjarstjórnar skal kynnt þeim sem gerðu athugasemdir. (*Mál nr. 2002267*)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að falla frá tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðar Alþjóðaskólans. Tillagan var grenndarkynnt og bárust athugasemdir frá íbúum þar sem tillögunni var mótmælt. (*Mál nr. 2012104*)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um útgáfu á almennum leiðbeiningum til íbúa um vegg og girðingar á lóðum. (*Mál nr. 2007072*)

Bæjarstjórn samþykkir umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag að fjárhæð kr. 8.774.400 vegna kaupa á einni íbúð. (*Mál nr. 2103406*)

Bæjarstjórn samþykkir umsókn Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag að fjárhæð kr. 24.555.732 vegna fjölgunar íbúða um fimm að Mariúgötu 5. (Mál nr. 2103405)

Fundargerðin sem er 32 tl. er samþykkt samhljóða.

5. 2103032F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/3 '21.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsstoð 2018-2021 og 5. tl., frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsstoð 2018-2021 og 5. tl., frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Björg Fengler, ræddi 4. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsstoð 2018-2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsstoð 2018-2021 og 5. tl., frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsstoð 2018-2021 og 5. tl., frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu barna og svaraði spurningum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 5. tl., frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu barna.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2103023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 17/3 '21.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., innritun í leikskóla 2020

Fundargerðin lögð fram.

7. 2104010F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/4 '21.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., hugmyndahönnun minjagarðs við Hofstaði og 6. tl., umsókn um styrk í Barnamenningarsjóð.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2103025F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 18/3 '21.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2103048F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/4 '21.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., fyrirspurn um skiptingu lóðar við Nýjabæ og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Garðahverfið var deiliskipulagt árið 2013 í heild sinni og er þar um að ræða 79 hektara af u.þ.b. 420 hekturum Garðaholts. Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar frá árinu 2018 hefur Garðahverfið verndarsjónarmið að leiðarljósi og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Áhersla er á menningar og náttúruminjar og að gera svæðið aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Garðahverfið fékk hverfisvernd árið 2017.“

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., fyrirspurn um skiptingu lóðar við Nýjabæ og lagði til að bókun Baldurs Ó Svavarssonar, sem lögð var fram á fundi skipulagsnefndar verði fær til bókar í fundargerð bæjarstjórnar.

„Enn gerist það sem undirritaður óttaðist og varaði við þegar hið gildandi skipulag fyrir Garðahverfi var samþykkt. Stóraukin ásókn og fyrirspurnir um uppskiptingu lóða, um viðbótarlóðir og frávik frá skilmálum. Þeim á bara eftir að fjölga. Fulltrúi Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd ítrekar því enn fyrri bókanir á umliðnum tveimur tímabilum og mótmælir enn og aftur þeim áherslum og vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar við gerð skipulags fyrir svokallað Garðahverfi á Garðaholti einn síðasta skikinn í bænum sem ber einhverja byggð.“

Enn skal því ítrekuð sú ósk að það landrými sem lagt er undir í þessu verkefni verði verðmetið og það mat kynnt fyrir skipulagsnefnd, þetta eru jú fjármunir bæjarbúa. Enn er ítrekað og lagt til að beðið verði með allar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi á þessu svæði þar til að skipulag fyrir svæðið í heild liggur fyrir.

Ekki þarf að fjölyrða um sögu og menningu á Garðaholti. Sú staðreynd er flestum kunn. Skylt er að huga að þessari sögu, minjum og menningarverðmætum henni tengdri. Það verður þó ekki gert með því að frysta tímunn á staðnum. Enn er því ítrekað og lagt til að bærinn marki sér stefnu varðandi uppbyggingu og þróun þessa bæjarhluta alls áður en hann er hlutaður niður með þessum hætti í smærri bútasaumuð verkefni og hugað verði að afleiðingum þess byggðamynsturs sem þarna verður boðið upp á.

Með sama framhaldi stendur ekki steinn yfir steini yfir þessari svokölluðu „varðveislubygðamynsturs 20. aldar“ sem ku vera markmið gildandi deiliskipulags. Nær verði því að kalla skipulagið „varðveislubygðamynsturs 21. aldar“, ef svo fram heldur sem horfir.“

Fundargerðin lögð fram.

10. 2103035F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/3 '21.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., umsóknir og úthlutanir úr þróunarsjóði grunnskóla. Sigríður Hulda þakkaði umsækjendum fyrir þeirra góðu umsóknir og fulltrúum í skólanefnd og starfsmönnum þakkaði hún fyrir vinnu við að flokka og greina umsóknir.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2101049F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 26/1 '21.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2103053F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 30/3 '21.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/3 '21.

Fundargerðin lögð fram.

14. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. frá 17/3 '21.

Björg Fenger, ræddi starfsemi skíðasvæðanna og aðstöðu fyrir gönguskíðaiðkun.

Fundargerðin lögð fram.

15. 2102176 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 26/2 og 12/3 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., fg, 26/2 '21, ársreikning Sorpu bs. fyrir árið 2020, 3. tl., fg, 12/3 '21, minnisblað um aukna flokkun og gjalddtökuheimildir endurvinnslustöðvanna og 2. tl., fg, 12/3 '21, kynningu á vinnu við endurskoðun á gjaldskrá Sorpu.

Fundargerðin lögð fram.

16. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 31/3 '21.

Fundargerðin lögð fram.

17. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 10/3 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1 tl., jarðhræringar á Reykjanesskaga.

Fundargerðin lögð fram.

18. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/3 '21.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., undirbúning að útvistun á akstri.

Björg Fenger, ræddi 4. tl., undirbúning að útvistun á akstri og 7. tl., önnur mál – aðgengi fólks með fötlun í strætisvagna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., undirbúning að útvistun á akstri, 7. tl., önnur mál – aðgengi fólks með fötlun í strætisvagna.

Fundargerðin lögð fram.

19. 2104190 - Tillaga um að útfæra sumarstörf fyrir ungmenni þar sem markmiðið er að varðveita sögulegar myndir frá Garðabæ.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hann flytur ásamt Gunnari Val Gíslasyni.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela bæjarstjóra, í samráði við menningarfulltrúa og menningar- og safnanefnd, að útfæra sumarstörf fyrir ungmenni þar sem markmiðið er að varðveita sögulegar myndir frá Garðabæ. Það verði annars vegar gert með því að safna saman myndum og

myndefni úr Garðabæ frá fyrri tíð og hins vegar með því að gera efnið aðgengilegt fyrir almenning og ekki síst skólanemendur.“

Greinargerð:

Í Garðabæ viljum við tryggja sem allra best að sagan og menningin varðveitist sem best og gera íbúum, yngri sem eldri, kleift að upplifa samfélagið eins og það var áður.

Garðabær á verðmætt ljósmyndasafn sem mikilvægt er að sé aðgengilegt, það er m.a. gert á ljósmyndavef bæjarins sem er í stöðugri þróun. Þá geyma söguritin Saga Garðabæjar og Álftanessaga margar frábærar myndir sem lýsa vel húsagerð, skipulagi og mannlífi á fyrri árum.

Haustið 2018 efndu menningar- og safnanefnd og Bókasafn Garðabæjar til ljósmyndasýningarinnar „Garðabær 2018 – 100 ára fullveldi Íslands“ og óskuðu eftir ljósmyndum frá íbúum bæjarins úr daglegu lífi í Garðabæ í tilefni af aldaramæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 1. desember það sama ár. Sýningin endurspegladi þann auð sem býr í gömlum myndum.

Bæjarbúar sjálfir eiga í sínum fótum mikið safn mynda, sem mikilvægt er að varðveita með eins skipulegum hætti og unnt er. Í vetur settu nokkrir bæjarbúar á stofn Facebook hópinn „Garðahreppur fyrir 1980, myndir af húsum, fólki, og saga þeirra“. Á þeim vettvangi hafa birst margar mjög áhugaverðar myndir sem sýna vel hús, hverfi, landslag og mannlíf eins og það var í Garðahreppi. Það er við hæfi að Garðabær styðji við þetta góða framtak íbúanna með því að leggja sitt af mörkum til að myndefni úr Garðabæ varðveitist á skipulegan hátt og verði aðgengilegt bæjarbúum.

Það er sannfæring okkar að öflugt ungt fólk í sumarstarfi hjá bænum geti lagt sitt af mörkum til að gamalt þjóðfræðilegt efni lifi áfram. Eins teljum við að unga fólk hafi hugmyndaauðgi og kraft til að finna nýjar og spennandi leiðir til að miðla þessu efni og halda því lifandi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

20. 1909412 - Reglur Garðabæjar um stuðningsþjónustu.

Bæjarstjórn samþykkir reglur Garðabæjar um stuðningsþjónustu.

21. 2012333 - Ársreikningur Garðabæjar 2020 (síðari umræða)

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og ræddi niðurstöður ársreiknings.

Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2020.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Álaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls. Áslaug Hulda færði starfsfólki bæjarins þakkir fyrir þeirra hlut í góðri niðurstöðu ársreiknings.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

“Fyrir hönd fulltrúa Garðabæjarlistans í bæjarstjórn legg ég fram eftirfarandi bókun:

Það er virkilega gott hversu vel ársreikningur Garðabæjar kemur út og að staðan sé í raun sterkari en áætlað var. Við erum með töluverða lántöku til að fjárfesta í innviðum og er það mikilvægt. Það er ljóst að við höfum svigrúm til að framkvæma en frekar og að okkar mati raun skylda Garðabæjar á þessum tímum. Við uppbyggingu viljum við að hugað verði að nauðsyn þess að fjölga íbúðum í okkar félagslega kerfi ásamt því að byrja að hanna leik- og grunnskóla fyrir þau nýju hverfi sem fara fljótlega í uppbyggingu, þar viljum við sjá Garðabæ reisa leik- og grunnskóla um leið og hverfin fara í uppbyggingu. Við þurfum að vera skrefi á undan þegar að íbúum fjölgar. Við höfum því miður brugðist of seint við hvað varðar fjölgun leikskólabarna og þurfum að bæta úr því. Einnig teljum við mikilvægt að við bregðumst sem allra fyrst við þeim ábendingum sem hafa komið frá endurskoðendum.”

Björg Fenger, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2020 lýsir mjög sterkri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Rekstrarafkoma ársins er 774 m.kr. eða 234 m.kr. betri en áætlun hafði gert ráð fyrir, sem verður að teljast einstaklega góður árangur á fordæmalausum Covid tímum. Rekstrartekjur eru 4% hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en rekstrargjöld fóru 2,6% fram úr fjárhagsáætlun. Mikil óvissa var allt árið um þróun útsvarstekna og meiri sveiflur milli mánaða en áður hafa þekkt og er því niðurstaða útsvarstekna ársins mikið ánægjuefni.

Traust og sterk fjárhagsstaða er undirstaða þess að Garðabær sé vel undir það búinn að mæta þjónustu við fjölgun nýrra íbúa samhliða uppbyggingu nýrra hverfa. Framkvæmt var fyrir 3.516 m.kr. á árinu til að styrkja innviðauppbyggingu, skólabyggingar, íþróttamannvirki, gatna- og stígagerð, vatns og fráveitumannvirki. Allur rekstrarafgangur ársins auk hóflegrar lántöku var nýttur til fjárfestinga.

Allar kennitölur í rekstri bera vott trausta fjárhagsstöðu Garðabæjar. Skuldaviðmið nemur 71% og skuldahlutfall 100% en var 104% árið 2019. Veltufé frá rekstri er 2.605 m.kr. sem er um 14,4% í hlutfalli við rekstrartekjur, en var 12,5% árið 2019“.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2020 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af viðstöddum bæjarfulltrúum.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bærstjórnar Garðabæjar 15. apríl 2021 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Aslaugtrudgerð

Jóhanna

Klara Þóra

Jón Þórunn
Guðrún

Sigrún Þórunn

Jóna Þórunn

Þórunn

Þórunn

Guðrún Þórunn

Þórunn

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
15. (1973). fundur 2021

Þriðjudaginn 27. apríl 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2101335 - Betri Garðabær - hugmyndasöfnun - íbúakosning 2021.

Á fund bæjarráðs mætti Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur á tækni- og umhverfissviði og gerði grein fyrir niðurstöðum matshóps varðandi verkefni sem lagt er til að fari í rafræna íbúakosningu undir heitinu „Betri Garðabær“. Alls bárust 258 hugmyndir í hugmyndasamkeppni og skráðu 1346 einstaklingar sig inn á hugmyndavefinn. Skráðar voru 547 athugasemdir um innsendar hugmyndir. Matshópurinn leggur til að 23 hugmyndir fari í kosningu. Bæjarráð samþykkir tillögur matshópsins. Rafræn íbúakosning mun fara fram dagana 26. maí til 7. júní nk. Íbúar með skráð lögheimili í Garðabæ sem verða 15 ára á kosningarárinu og eldri geta tekið þá í kosningunni

2. 2103182 - Skólpdælustöð Breiðamýri - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Berg verktökum ehf., kt. 560816-1460 leyfi til að byggja skólpdælustöð í Breiðumýri.

3. 2104326 - Erindi varðandi umsókn um lækkun fasteignaskatts, dags. 20.04.20.

Bæjarráð samþykkir með vísan til heimildar í 5. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 að fella niður álagðan fasteignaskatt árið 2020 að fjárhæð kr. 115.348.

4. 1902106 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi kynningu á endurskoðaðri tillögu að friðlýsingu og stækkun fólkvangs í Garðahrauni efra, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum, dags. 20.04.21.

Tillagan er unnin af samstarfshópi sem skipaður er fulltrúm Umhverfisstofnunar, Garðabæjar, Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Minjastofnunar Íslands.

Tillagan er lögð fram í samræmi við 39. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd og er frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með fimmtudeginum 24. júlí 2021.

5. 1902106 - Bréf Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes, dags. 19.04.21.

Í bréfinu eru kynnt áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes sem friðland og er frestur til að skila athugasemdum við áformin til og með 21. maí 2021.

6. 2009461 - Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi mögulega breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum, dags. 22.09.20.

Gerð er grein fyrir viðræðum fulltrúa sveitarfélaganna Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um sameiginlegt heilbrigðiseftirlit og kynnt drög að sameiginlegri fjárhagsáætlun og drög að samþykktum fyrir nýtt eftirlitssvæði. Niðurstaða samstarfshópsins er að mæla með sameiginlegu heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

7. 2104348 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um innviðagjöld í Urriðaholti.

Lagt fram svar við fyrirspurn.

8. 2102335 - Bréf Endurmenntunarsjóðs grunnskóla um úthlutun styrkja, dags. 20.04.21.

Lögð fram bréf frá Endurmenntunarsjóði grunnskólans um úthlutun styrkja til verkefna á sviði fræðslu- og uppeldismála samtals að fjárhæð kr. 6.200.000.

Um er að ræða eftirfarandi styrki.

Álftanesskóli	kr. 480.000
Flataskóli	kr. 480.000
Garðaskóli	kr. 480.000
Hofsstaðaskóli	kr. 480.000
Sjálundsskóli	kr. 480.000
Urriðaholtsskóli	kr. 480.000
Garðabær - fræðslu- og menningar svið	kr. 1.820.000
Garðabær f.h. SSH	<u>kr. 1.500.000</u>
	kr. 6.200.000

9. 2103140 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi styrkbeiðni Nýsköpunarviku, dags. 23.04.21.

Í bréfinu kemur fram að stjórn samtakanna hafnar að veita styrk til Nýsköpunarviku og vísar afgreiðslu málsins til hvernar sveitarstjórnar.

Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.

10. 2104377 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins, dags. 23.04.21.

Lagt fram til kynningar.

11. 2104378 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi samræmingu úrgangsflokkunar, dags. 23.04.21.

Lagt fram til kynningar.

12. 2104376 - Bréf Trés lífsins, varðandi lóð fyrir byggingu bálstofu og höfuðstöðva í Rjúpnadal, dags. 22.04.21.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi og felur bæjarstjóra að ganga til viðræðna um samning varðandi úthlutun lóðar fyrir starfsemi bálstofu og höfuðstöðva félagsins í Rjúpnadal.

13. 2104366 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónusta við flugumferð, 702. mál, dags. 23.04.21.
Lagt fram.

14. 2104332 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, 668. mál, dags. 21.04.21.
Lagt fram.

15. 2104341 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila, 539. mál, dags. 21.04.21.
Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 27. apríl 2021 er lesin upp í lok fundar og undirrituð af viðstöddum bæjarráðsfulltrúum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
14. (1972). fundur 2021

Þriðjudaginn 20. apríl 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2101090 - Kinnargata 47 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Urriðaholtsstræti 28 ehf., kt. 620217-0180, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 13 íbúðum að Kinnargötu 47.

2. 2104131 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi vöktun á loftbornum flúori í gróðri.

Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um að nauðsynlegt sé við endurútgáfu á starfsleyfi fyrir Álverið í Straumsvík að bæta vöktunaráætlun vegna flúormælinga í gróðri fyrir svæðið í heild og þar með talið svæðið á Garðholti.

3. 2103597 - Opnun tilboða í eftirlit með framkvæmdum við byggingu skólpdælustöðvar.

Eftirfarandi tilboð bárust í eftirlit með framkvæmdum við byggingu skólpdælustöðvar.

VSÓ - Ráðgjöf ehf.	kr. 18.339.840
Hnit verkfræðistofa hf.	kr. 16.901.200
AVR ehf.	kr. 14.250.080
Strendingur ehf.	kr. 16.920.000
Efla verkfræðistofa hf.	kr. 17.252.920

Kostnaðaráætlun kr. 17.520.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði AVR ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar sammings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufreundar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun

4. 2103518 - Opnun tilboða í veitutengingar að fjölnota íþróttahúsi.

Eftirfarandi tilboð bárust í veitutengingar að fjölnota íþróttahúsi.

Urð og Grjót ehf.	kr. 63.303.900
Loftorka Reykjavík ehf.	kr. 46.330.000
Klapparverk ehf.	kr. 55.878.500
Hellulist ehf.	kr. 70.464.500
Grafa og Grjót ehf.	kr. 47.913.300
Alma Verk ehf.	kr. 68.426.600

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Loftorku Reykjavík ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins.

Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar sammings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun

5. **2005266 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi upplýsingar um fjármál sveitarfélaga, dags. 13.04.21.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu og veita umbeðnar upplýsingar.
6. **2104195 - Tillaga leikskólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla 2021.**
Lögð fram afgreiðsla leikskólanefndar um úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla 2020. Leikskólanefnd hefur fjallað um allar umsóknir og leggur til að úthlutað verði kr. 4.500.000 úr sjóðnum til 6 verkefna. Bæjarráð staðfestir tillögu leikskólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð leikskóla.
7. **2104240 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
8. **2104242 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
9. **2104245 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, 708. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
10. **2104241 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48 2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
11. **2104246 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
12. **2104216 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
13. **2104243 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), 715. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.
14. **2104244 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagråd eineltismála), 716. mál, dags. 15.04.21.**
Lagt fram.

15. 2104191 - Leikskólinn Sunnuhvoll - stækkun leikskóla og fjölgun leikskólaryma.

Bæjarstjóri fór yfir stöðu innritunar barna í leikskóla og kom fram að gert er ráð fyrir að öll börn fædd árið 2020 fái dvöl á leikskóla á árinu 2021.

Bæjarverkfræðingur gerð grein fyrir undirbúningi að þarfagreiningu vegna kaupa á lausum kennslustofum sem staðsettar verða við Leikskólann Sunnuhvol. Hugmyndir eru um að byrja með fjórar deildir með möguleika á stækkun í sex deildir. Þá hafa einnig verið kannaðir möguleikar á að finna annað húsnæði með það huga að nýta þar aðstöðu til bráðabirgða þar til nýr leikskóli tekur til starfa í Urriðaholti.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar því að það eigi að bregðast við skorti á leikskólalássum. Þegar okkur var ljóst að það yrði skortur á leikskólalássum lögðum við til í haust 2020 að gerð yrði áætlun um uppbyggingu leikskóla. Við viljum gjarnan að samhliða þessu að byrjað verði að hanna og byggja leikskóla í þeim hverfum sem eru á leið í uppbyggingu t.d. í Hnoðraholti.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var sl. fimmtudag hélt oddviti Garðabæjarlistans, Sara Dögg Svanhildardóttir, því fram að það vanti 300 rými fyrir leikskólabörn í Garðabæ á þessu ári og að staðan væri alvarleg. Hér leyfir bæjarfulltrúi sér að fara með rangfærslur úr ræðustól á fundi bæjarstjórnar sem streymt er beint á vef Garðabæjar. Við innritun leikskólabarna sem fædd eru árið 2020 kom í ljós að árgangurinn var mun fjölmennari en fyrri árgangar. Í desember á síðasta ári var því strax hafin vinna til að fjölga leikskólalássum í sveitarfélaginu m.a. með því að kanna möguleika á nýtingu á húsnæði til bráðabirgða og með því að taka í notkun lausar kennslustofur. Þess má einnig geta að hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla í Urriðaholti var sett af stað á síðasta ári.

Málflutningur bæjarfulltrúans um innritunarvanda eða „alvarlega stöðu“ er því ekki bara ómálefnalegur heldur einfaldlega rangur og fellur ekki undir góða og vandaða starfshætti. Fjölgun leikskólabarna í Garðabæ er jákvæð þróun og verkefni sem verið er að leysa og ekkert sem bendir til annars en að börn fædd árið 2020 komist inn í leikskóla í Garðabæ á þessu ári.“

16. 2104252 - Tilkynning frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um stefnu um stafræna þjónustu stjórnvalda í samráðsgátt, dags. 16.04.21.

Lagt fram.

17. 2009193 - Tilkynning félagsmálaráðuneytis um framlengingu á umsóknarfresti vegna íþróttá- og tómstundastyrkja til lágtekjuheimila vegna COVID19, dags. 14.04.21.

Lögð fram tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu um framlengingu á umsóknarfresti til 31. júlí 2021 og rýmkun á skilyrðum fyrir veitingu styrkja.

Bæjarráð samþykkir að uppfæra reglur Garðabæjar m.t.t. framlengingar á umsóknarfresti.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 20. apríl 2021 er lesin upp í lok fundar og undirrituð af viðstöddum bæjarráðsfulltrúum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
16. (1974). fundur 2021

Þriðjudaginn 4. maí 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn í fundarsal bæjarstjórar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808087 - Framkvæmdir við fjölnota íþróttahús - áfangaskýrsla.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri framkvæmda og umhverfis gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Lögð fram áfangaskýrsla vegna verkstöðu, fjármögnun og framvindu næstu mánuði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir dagskráliðum 1-3 og Jóna Sæmundsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúar voru á fjarfundi undir sömu dagskrárlíðum.

2. 2104129 - Kynning á úrgangs- og innkaupastefnu.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri framkvæmda og umhverfis og gerði grein fyrir stöðu innleiðingar á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar ásamt því að upplýsa um stöðu Garðabæjar í öllum aðgerðum í umhverfis og loftlagsmálum.

Fram kom að vegna aðstæðna í Covid hefur þurft að fresta ákveðnum þáttum innleiðingar. Næstu skref er að halda fundi með grænum teyrum í leikskólum og grunnskólum.

Farið var yfir undirbúning vinnu við gerð loftlagsáætlunar.

3. 2104394 - Sumarstörf ungmenna 2021.

Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri gerði grein fyrir umsóknum um sumarstörf ungmenna. Heildarfjöldi umsókna 17 ára og eldri er 793 og þá hafa 612 skráð sig í Vinnuskólann. Verið er að ganga frá ráðningum og allir fá vinnu. Garðabær hefur fengið úthlutað 45 stöðugildum í 2,5 mánuði frá Vinnumálastofnun sem er liður í atvinnuátaki námsmanna. Samsvarar það til 79,7 stöðugilda í 87,5% starfi í 7 vikur. Umsækjendur þurfa að vera skráðir í nám að hausti 2021 eða hafa verið skráðir í nám á vorönn 2021. Fram kom að sótt hefur verið um viðbótarstöðugildi til Vinnumálastofnunar.

4. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 - lántaka.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.200.000.000, verðtryggt með 1,12% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 13 ára. Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar. Fyrir liggja drög að lánsamningi.

5. **2103271 - Hofslundur 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ómari R. Valdimarssyni, kt. 070777-4879, leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti þakkants núverandi einbýlishúss við Hofslund 3.
6. **2102218 - Seinakur 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Arnari Gauta Reynisson, kt. 240381-3899, leyfi til að byggja einbýlishús við Seinakur 6.
7. **2103273 - Hörgslundur 9 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hákonni Víði Guðmundssyni, kt. 220676-4989, leyfi til að lækka botnplötu í kjallara og gera útlitsbreytingar á núverandi húsi við Hörgslund 9.
8. **2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Garðahverfis.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts að lokinni forkynningu. Engar ábendingar bárust á forkynningartíma. Tillagan skal send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.
9. **2104263 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi smáhýsi við lóðarmörk á lóðinni við Reynilund 11.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við samþykki skipulagsnefndar að leyfa staðsetningu smáhýsis á lóðinni við Reynilund 11 nær lóðarmörkum við bæjarland en 3 metrar sbr. ákvæði g-liðar í grein 2.3.5 í byggingarreglugerð.
10. **2012166 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 14.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 14.
- Tillagan var grenndarkynnt og bárust athugasemdir sem skipulagsnefnd telur ástæðu til að taka tillit til.
11. **2103205 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Mariúgötu 9-11.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Mariúgötu 9-11 sem gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 34 í 42.
Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 891.931 á íbúð m.v. BVT 770,4 stig í maí 2021 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.
12. **2103593 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Kinnargötu 92.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna tillögu

að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Kinnargötu 92 sem gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 19 í 20 og breytingu á byggingarrétt. Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 891.931 á íbúð m.v. BVT 770,4 stig í maí 2021 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.

13. 2104445 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Vetrarmýri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir gatnagerð í Vetrarmýri. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulagsskilmála.

14. 2103398 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsögn við tillögu að endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

Lögð fram ásamt umsögn sem send verður skipulagsráði Kópavogs.

15. 2104444 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn HS Veitna hf. um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 11 kV háspennujarðstrengs milli Kaldárselsvegur og Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga fyrir lagningu 11kV háspennujarðstrengs meðfram Flóttamannavegi frá bæjarmörkum við Kaldárselsveg að Urriðaholti.

16. 2102110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæði Sóta.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir svæði þar sem ekki var áður staðfest deiliskipulag. Tillagan skal auglýst með áberandi hætti og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt. Leita skal umsagnar Ungmennafélags Álftaness og Hestamannafélagsins Sóta.

17. 2102111 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Víðiholt.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúaröbyggð við Víðiholt samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem liggur á milli Asparholts og hesthúsabyggðar þar sem ekki var áður staðfest deiliskipulag. Tillagan skal auglýst með áberandi hætti og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt. Leita skal umsagnar Ungmennafélags Álftaness og Hestamannafélagsins Sóta.

18. 2104418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun í Glerhallardýi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun í Glerhallardýi.

Um er að ræða losun allt að 39.500 m³ af jarðvegi í Glerhallardýi sem er svæði á landnotkunarreit 1.07 íþ í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2020. Gert er ráð fyrir efnislosun á svæðinu í heild verði 45.500 m³ og hefur þegar verið heimilað að losa 6.000 m³. Stærð heildarsvæðisins þar sem jarðvegur verður losaður er 32.700 m² Það ákvörðun skipulagsnefndar að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vísast þar til 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en framkvæmdin fellur undir lið 2.04 í 1.viðauka laganna sem fellur í flokk C. Það er því í verkahring sveitarfélagsins að taka ákvörðun um matsskyldu.

19. 2009072 - Opnun tilboða í sorphirðu í Garðabæ.

Eftirfarandi tilboð bærust í sorphirðu í Garðabæ.

Fljótavík ehf.	kr. 468.646.000
Íslenska gámafélagið ehf.	kr. 267.140.000
Kubbur ehf.	kr. 332.171.283
Terra ehf.	kr. 301.174.283
Kostnaðaráætlun	kr. 297.276.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lögstjóðanda Íslenska gámafélagsins ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

20. 2006240 - Opnun tilboða í viðgerðir á steiptum gönguleiðum.

Eftirfarandi tilboð bærust í viðgerðir á steiptum gönguleiðum í Garðabæ.

Stjörnugarðar ehf.	kr. 30.000.000
Tinnuberg ehf.	kr. 27.335.000
Reykjaverk ehf.	kr. 106.576.760
Berg verktakar ehf.	kr. 36.400.000
Mostak ehf.	kr. 29.894.000
Vargur ehf.	kr. 50.972.000
Alma verk ehf.	kr. 49.850.000
Kostnaðaráætlun	kr. 35.605.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lögstjóðanda Tinnubergs ehf.. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

21. 2104398 - Erindi stjórnar íbúasamtaka Urriðaholts varðandi áherslur um framkvæmdir í Urriðaholti.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

22. 2010255 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi framkvæmdir að Reynilundi 11.

Lagður fram. Í úrskurðarorði kemur fram að felld er úr gildi ákvörðun bæjarráðs að samþykkja afgreiðslu byggingarfulltrúa á tilkynntri stækkun bílskúrs að Reynilundi 11.

23. 2104399 - Bréf Samtaka um karlaathvarf varðandi beiðni um fjárhagsstuðning, dags. 22.04.21.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar fjölskylduráðs og til fjárhagsáætlunar 2022.

- 24. 2104462 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Te og Kaffi um rekstrarleyfi fyrir veitingastað að Garðatorgi 4.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Te & kaffi fá rekstrarleyfi fyrir starfsemi veitingastaðar að Garðatorgi 4.
- 25. 2103259 - Tilkynning félagsmálaráðuneytisins um úthlutun styrks til að efla félagsstarf fullorðinna, dags. 27.04.21.**
Í tilkynningunni kemur fram að Garðabær hefur fengið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 4.209.200 til eflingar á félagsstarfi fullorðinna.

Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs gerði nánari grein fyrir hugmyndum um ráðstöfun styrksins.
- 26. 2104065 - Bréf Fjölsmiðjunnar varðandi framtíðarfjármögnun, dags. 28.04.21.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að taka málið upp til samræmingar á vettvangi stjórnar Samtaka sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.
- 27. 2104472 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl., 731. mál., dags. 27.04.21.**
Lagt fram.
- 28. 2104473 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði), 748. mál., dags. 27.04.21.**
Lagt fram.
- 29. 2104508 - Fyrirspurn um nýtingu strætó.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.
- 30. 2006130 - Gjaldskrá sumarfrístundar.**
Bæjarráð samþykkir tillögu um hækkun gjaldskrár sumarfrístundar um 2,5% og fjölgun á dögum úr fimm í sex.

Gjald fyrir sumarfrístund árið 2021 verður kr. 13.500.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 4. maí 2021 er lesin upp í lok fundar og undirrituð af viðstöddum bæjarráðsfulltrúum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

5. fundur 2021

Miðvikudaginn 21. apríl 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Sigbrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Hildigunnur Árnadóttir umsjónarfélagsráðgjafi, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri og Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Lagt er fyrir mál til kynningar nr. 1911163, lýðræðisstefna Garðabæjar. Hulda Hauksdóttir kynnir stöðu á vinnu við lýðræðisstefnu og áætlun um framvindu verkefnisins.

2. 2006352 - Umsókn um NPA (notendastýrð persónul. aðstoð) 2020

Tekið er fyrir mál nr. 2006352 áfrýjun vegna synjunar á beiðni um hækkun á úthlutuðum NPA vinnustundum. Samþykkt er að fjölga NPA vinnustundum. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 2103319 - Sumarfrístund

Tekið er fyrir mál nr. 2103319 áfrýjun vegna synjunar afgreiðslufunds um stuðnings- og stoðþjónustu vegna sumarfrístundar. Ákvörðun afgreiðslufundar er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 2103380 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2103380, áfrýjun á afgreiðslu afgreiðslufundar fjárhagsaðstoðar. Afgreiðsla fjölskyldusviðs er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 2101231 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2101231, áfrýjun á afgreiðslu afgreiðslufundar fjárhagsaðstoðar. Afgreiðsla fjölskyldusviðs er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

6. 2104105 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2104105, umsókn um styrk vegna tryggingar húsaleigu. Samþykkt er að veita umsækjanda styrk vegna tryggingar húsaleigu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

7. 2103392 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2103392, áfrýjun á afgreiðslu afgreiðslufundar fjárhagsaðstoðar. Beiðni umsækjanda er samþykkt að hluta. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

8. 2102278 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2102278, áfrýjun vegna synjunar á greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Afgreiðsla fjölskyldusviðs er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarluta fundargerðar.

9. 2103259 - Átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin

Tekið er fyrir mál nr. 2103259, átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin. Búið er að vinna umsókn sem felur í sér þá þætti sem gerð er krafa um að komi fram. Um er að ræða verkefni undir heitinu Félags- og heilsuefling eldri borgara og er sótt um alls kr. 4.171.684. Fjölskylduráð fagnar þessu framtaki og góðri vinnu á fjölskyldusviði.

10. 2101415 - Málefni eldri borgara - stuðningsþjónusta

Kynningu á stuðnings- og öldrunarþjónustu í Garðabæ er frestað til næsta fundar fjölskylduráðs.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar 30. fundur 2021

Föstudaginn 16. apríl 2021 kl. 15:00 kom íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir varamaður, Kári Jónsson íþrótt-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102182 - Endurnýjun samnings

ÍTG samþykkir að samningur við Bessastaðasókn um æskulýðsstarf verði framlengdur til lok árs 2022.

2. 2103259 - Átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin,

Lagt fram til kynningar. Garðabær vinnur að því að sækja um fjárframlag í verkefnið. ÍTG hvetur FEBG og FEBÁ til að kynna sér verkefnið vel og þá möguleika sem í því felast.

3. 2104184 - Sumarstarf félagsmiðstöðva

ÍTG fagnar umsókn félagsmiðstöðvanna í Garðabæ og vonast til að sjá starfsemi þeirra í gangi í sumar.

4. 2103428 - Tækjakaup í íþróttahús í Vetrarmýri

Íþróttafulltrúi sagði frá undirbúningi vegna búnaðarkaupa í fjölnota íþróttahúsið í Vetrarmýri.

5. 2103348 - Swipbox DHL á Álftanesi

UMFÁ hefur fengið leyfi til að gera samning við DHL um að staðsetja Swip-box í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar við Breiðumýri á Álftanesi.

6. 2103322 - Nordía 2023 í Ásgarði

ÍTG samþykkir að Félag frímerkjasafnara á Íslandi geti haldið NORDIA 2023 í Ásgarði fyrstu daga júnímánaðar 2023. Þetta yrði í þriðja skipti sem slík sýning væri haldin hér í Garðabæ. Íþróttafulltrúa falið að ganga frá samningum við félagið.

7. 2103302 - Klifurveggur í Vetrarmýri

Unnið er að því að teikna upp og útfæra klifurvegg í fjölnota íþróttahúsið í Vetrarmýrinni. Samstarf er við Björgunarsveitina í Garðabæ og Klifurhúsið sem veitir faglega ráðgjöf við verkefnið. Bæði verður hægt að stunda veggjaklifur og línuklifur í aðstöðunni.

8. 2103220 - Opnun og vígsla fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri

Unnið er að skipulagi opnunar- og vígsluhátíðar fjölnota íþróttahússins í Vetrarmýri sem verður tilbúið í febrúar 2022.

Einnig verður viðburður tengdur menningarhátíð bæjarins vorið 2022 haldinn í húsinu.

9. 2102502 - Mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu

Íþróttastarfi.

ÍTG hvetur skóla og íþróttafélög til að nýta sér það efni sem UMFÍ og ÍSÍ hafa gefið út til að upplýsa foreldra barna af erlendum uppruna um þau tækifæri og gildi sem felast í þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi.

10. 2102381 - Tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu.

Tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu var lögð fram til kynningar.

Önnur mál

- a. Sagt var frá kynningarfundum á niðurstöðum á stöðu barna í 8-10. bekk í Garðabæ sem fram fór 7. apríl sl. fyrir skólastjórnendur og foreldra.
- b. Gunnar Richardsson sagði frá undirbúningi Vinnuskólans sumarið 2021
- c. Atvinnuáttak skólafólks sumarið 2021 var rætt.
- d. Leiðtogaþjálfun í kvennaíþróttum - verkefni 19. júnísjóðs sem er í gangi. Staða verkefnisins rædd.
- e. Sagt var frá undirbúningi Stjörnuhlaupsins sem fram fer síðdegis laugardaginn 29. maí nk. með nokkuð nýju sniði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
23. fundur 2021

Miðvikudaginn 14. apríl 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 2103236 - Þróunarsjóður leikskóla - Töfrar tónlistarinnar**
- 2. 2103488 - Þróunarsjóður leikskóla - Lausnaringurinn**
- 3. 2103580 - Þróunarsjóður leikskóla - Heilsa og vellíðan**
- 4. 2103581 - Þróunarsjóður leikskóla - Mati á námi og vellíðan 4-6 ára barna í leikskóla í Garðabæ og áhrif námsumhverfis**
- 5. 2103582 - Þróunarsjóður leikskóla - Skynjunarleikir**
- 6. 2103583 - Þróunarsjóður leikskóla - Hreyfifærni leikskólabarna**
- 7. 2104027 - Þróunarsjóður leikskóla - Klifurveggur**

Teknar voru til umfjöllunar umsóknir í Þróunarsjóð leikskóla og settar fram tillögur að styrkúthlutunum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
24. fundur 2021

Miðvikudaginn 28. apríl 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra og Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001218 - Endurgerð menntastefnu

Farið var yfir stöðu á vinnslu við endurgerð menntastefnu og þeim verkefnum sem fyrirleggja.

2. 2005227 - Innritun í leikskóla 2020

Rúmlega 30% fjölgun er á börnum á leikskólastigi í sveitarfélaginu. Innritun á leikskóla fer fram í fjórum áföngum og er það gert í samvinnu við leikskólastjóra bæjarins. Þegar hefur börnum í fyrstu tveimur áföngunum verið boðin dvöl en það eru öll börn fædd fyrir 30. júní 2020. Þriðja úthlutun er áætluð í lok júní og þá verður börnum fæddum í júlí, ágúst og september boðin dvöl. Ákvörðun um úthlutun á fjórða áfanga sem eru börn fædd frá 1. október til 31. desember hefur ekki verið tímasett. Alls hafa verið innrituð 145 börn fædd 2020. Í þriðja og fjórða áfanga eru nú um 150 börn og stefnt er að því að innrita þau öll fyrir árslok. Hafin er undirbúningsvinna við að fjölga leikskólaplássum við Sunnuhvol með lausum kennslustofum til að mæta aukinni fjölgun barna. Lögð er áhersla á að öll þau leikskólarymi sem Garðabær á samkvæmt samningi við Hjallastefnuna séu fullnýtt.

3. 2104339 - Stytting vinnuvikunnar í leikskólum

Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir í formi fræðslu til að rýna frekar innra starf leikskólanna m.t.t. styttingu vinnuvikunnar og mun leikskólanefnd fylgjast með þeirri þróun..

4. 2104340 - Skólamáltíðir í leik- og grunnskólum

Upplýst var um áframhaldandi samning við Skólamat í Urriðaholtsskóla, engar athugasemdir voru gerðar við það. Leikskólar hafa í auknum mæli nýtt sér þjónustu frá Skólamat þegar forföll hafa orðið hjá starfsfólki í eldhúsi.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
31. fundur 2021

Mánudaginn 3. maí 2021 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2102116 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2021 og heiðursviðurkenning

Tillaga menningarfulltrúa samþykkt einróma og verður tillagan send bæjarráði í kjölfarið.

2. 2104128 - Hvatningarsjóður ungra listamanna

Menningarfulltrúa falið að ræða við umsækjendur.

3. 2011026 - Umsókn frá HIMA

Rætt um umsókn um styrk til tónlistarnámskeiðsins HIMA sem er ætlað lengra komnum nemendum í klassískri tónlist. Samþykkt að styrkja verkefnið um 400.000 kr. enda muni fylgja í kjölfarið allt að fernir tónlistarviðburðir fyrir íbúa Garðabæjar.

4. 2105004 - Sumarstörf, Vinnumálastofnun

Menningarfulltrúi kynnti hugmyndir um störf sem auglýst er eftir og tengjast list og menningu í Garðabæ.

5. 2105005 - Styrkumsóknir frá Bókasafni Garðabæjar

Málið rætt og áfram til umfjöllunar hjá nefndinni.

6. 1711209 - Hofstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun

Menningarfulltrúi kynnti stöðu mála.

7. 2101137 - Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021

Menningarfulltrúi segir frá dagskrá Barnamenningarhátíðar í Garðabæ.

Skólabörn munu fylla Garðatorg af lífi dagna 4. til 7. maí þegar Barnamenningarhátíð í Garðabæ verður haldin í fyrsta sinn í bænum. Að þessu sinni verður þó aðeins boðið upp á dagskrá fyrir skólahópa en ekki fjölskyldur eins og til stóð.

Öll fjölskyldan getur þó notið sýningarinnar Hverafuglar á bjargi á Garðatorgi 1, við hlið Bónus. Á sýningunni verða leirfuglar eftir 600 börn úr 5. ? 7. bekkjum allra grunnskóla Garðabæjar sem hafa heimsótt Hönnunarsafnið frá því í febrúar, sýndir. Á Bókasafni Garðabæjar verður sýningin Kílómetur upp í himininn einnig opin almenningi en afrakstur ljóðasmiðja sem börn á leikskólunum Krakkakoti og Bæjarbóli tóku þátt í verður sýndur.

Dagskrá hátíðarinnar verður á þá leið að 1. bekkingar taka þátt í greina- og ullarsmiðju á Garðatorgi 1; 3. bekkingar í dagskránni Dýrin í Deiglumó á Hönnunarsafni Íslands; 5. bekkingar taka þátt í arabísku danspartýii á Garðatorgi 7; 7. bekkingar hitta Gunnar Helgason í ritsmiðju á Bókasafni Garðabæjar og unglingar bæjarins fá að kynna hugmyndum stærðfræðingsins Einars Þorsteins í Hönnunarsafni Íslands.

Það er Menningar- og safnanefnd sem kostar hátíðina en með skipulagningu fer menningarfulltrúi bæjarins, Ólöf Breiðfjörð

Til að vekja athygli á hátíðinni eru bæjarbúar hvattir til að setja ramma utanum kynningarmyndir sínar á fésbók en rammin finnst undir heitinu Barnamenningarhátíð í Garðabæ þegar skipt er um kynningarmynd

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
6. fundur 2021

Fimmtudaginn 29. apríl 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts að lokinni forkynningu 2.mgr.30.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Engar ábendingar bárust á forkynningartíma sem kalla á breytingu tillögunnar. Meihluti skipulagsnefndar vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 31.gr.sömu laga að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Baldur Ó Svavarsson greiðir atkvæði gegn tillögunni.

2. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar sem borist hafa á grenndarkynningartíma lagðar fram. Ábendingum vísað til úrvinnslu deiliskipulagsráðgjafa og tækni- og umhverfissviðs.

Baldur Ó. Svavarsson greiðir atkvæði á móti afgreiðslu meirihlutans og tekur undir innsendar athugasemdir.

Baldur Ó Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

"Minni enn á fyrri bókanir, viðvaranir og ábendingar varðandi svokallað uppbyggingu og „verndun byggðamynsturs 20. aldar í Garðahverfi“ - Þær sem telja orðið á annantuginn og ná mörg ár aftur í tímann.Framkomnar athugasemdir íbúa á svæðinu við byggingaskilmálum í skipulaginu sbr. fundargögn, eru nákvæmlega þær sem undirritaður hefur varað við og staðhæft að kæmu fram. Jafnframt staðhæfðir undirritaður að meirihlutinn myndi gefa eftir og víkja frá þessum skilmálum. Byggingaskilmálar nýbygginga eru með ólíkindum og í engum takti við þessa öld né þá síðustu.Ekki þarf að fjölyrða frekar um meðferðina á þessu hverfi og glötuðum möguleikum þess. Fulltrúi G-lista Garðbæjarlistans í skipulagsnefnd."

Sigurður Guðmundsson formaður skipulagsnefndar leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd meirihluta :

"Garðahverfið var deiliskipulagt árið 2013 í heild sinni og er þar um að ræða 79 hektara af u.þ.b. 420 hekturum Garðaholts. Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 hefur Garðahverfið minjaverndarsjónarmið að leiðarljósi og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Áhersla er á menningar og náttúruminjar og að gera svæðið aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Garðahverfið nýtur auk þess verndar frá árinu 2017 samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð."

3. 2102111 - Víðiholt íbúðabyggð. Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Víðiholt milli Asparholts og hesthúsabyggðar Sóta.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 4.mgr.40.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á forkynningartíma og leita skal umsagnar umsagnaraðila sem og Ungmennafélags Álftaness og Hestamannafélagsins Sóta.

4. 2102110 - Félagssvæði Sóta. Deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi hesthúsabyggðar á félagssvæði Sóta. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 4.mgr.40.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á forkynningartíma og leita skal umsagnar umsagnaraðila sem og Ungmennafélags Álftaness og Hestamannafélagsins Sóta.

5. 2104420 - Vífilsstaðahraun, deiliskipulag Fólkvangs

Formaður skipulagsnefndar leggur fram tillögu um að tækni-og umhverfissviði verði falið að hefja vinnu við mótun tillögu að deiliskiplagi Fólkvangs í Vífilsstaðahrauni og Mariuhellum. Deiliskipulagssvæðið verði um 70 ha og afmarkast það af Reykjanesbraut í vestri, Vífilsstaðalæk í norðri, Heiðmörk í austri og Urriðaholti í suðri. Skipulagsnefnd tekur undir tillögu formanns og vísar henni til tækni-og umhverfissviðs.

6. 2104268 - Sjávargata 8 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að stækka byggingarreit til austurs sem gerir ráð fyrir viðbyggingu við gafli hússins. Tillögu vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

7. 2012115 - Smáraflöt 12 Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu og skoðun hjá tækni-og umhverfissviði ásamt innsendum athugasemdam. Lögð fram greinargerð umsækjanda vegna innsendra athugasemda. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

8. 2003384 - Aratún 36 - stækkun byggingarreits - Ósk um dsk breytingu

Skipulagsnefnd leggur til að mótuð verði tillaga að breytingu deiliskipulags Silfurtúns sem gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall húsa á einni hæð hækki úr 0,3 í 0,35 og ef landslag gefur tilefni til kjallara undir húsi eða bílageymslu geti nýtingarhlutfall orðið 0,45. Byggður flötur á lóð yrði ekki meiri en 35%. Er þetta til samræmis við deiliskipulagsáætlanir annarra einbýlishúshverfa í innbæ Garðabæjar.

9. 2102539 - Blikanes 9 - Frágangur á lóð -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði auka bílastæði í norðausturhorni lóðar

auk þeirra sem eru framan við bílageymslu.

Fjögur dæmi þess eru í götunni að fleiri en 3 bílastæði hafa verið gerð og sum þeirra ekki fyrir framan bílageymslur. Engin þeirra hefur hlotið skipulagsferli en ljóst er að breytingar sem þessar kalla á deiliskipulagsbreytingu.

10. 2104263 - Reynilundur 11 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um staðsetningu smáhýsis við lóðarmörk að bæjarlandi. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir hönd Garðabæjar sem landeiganda staðsetningu smáhýsis eins og teikning sýnir og er í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um stærð og hæð smáhýsa sem undanþegin eru byggingarleyfi. Skipulagsstjóri vîkur af fundi undir þessum lið.

11. 2012166 - Keldugata 14 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemdum sem borist hafa.

Skipulagsnefnd tekur undir athugasemdir um að tillagan samræmist ekki vel vistvænum áherslum deiliskipulags Urriðaholts né áherslum Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 um breidd innkeyrsla inn á bílastæði.

Í ljósi þess og andstöðu íbúa í götunni er tillögunni hafnað.

12. 2103205 - Mariugata 9-11 deiliskipulagsbreyting - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta sem gerir ráð fyrir því að fjölgað verði um fjórar íbúðir stærri en 90 m² og fjórar íbúðir minni en 90 m².

Bílastæðum á lóð fjölga til samræmis við fjölgun íbúða.

Skipulagsnefnd vîsar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. 2103593 - Kinnargata 92 - stækkun bílakjallara -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta sem gerir ráð fyrir því fjölgi um eina íbúð á lóðinni (jarðhæð) og að byggingarreitur bílakjallar breytist.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd vîsar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

14. 2104445 - Hönnun - Útboð - Gatnagerð í Vetramýri

Lögð fram umsókn tækni-og umhverfissviðs Garðabæjar fyrir framkvæmdaleyfi til gatnagerðar í Vetramýri sem byggir á nýstaðfestu deiliskipulagi.

Í samræmi við 13.gr.skipulagslaga samþykkir skipulagsnefnd framkvæmdaleyfi til gatnagerðar í Vetramýri.

15. 2104444 - Framkvæmdaleyfi - Lagning 11 kV háspennu jarðstrengs milli Kaldárselsveg og Urriðaholts

Lögð fram umsókn tækni-og umhverfissviðs Garðabæjar fyrir framkvæmdaleyfi til lagningar 11 kV háspennujarðstrengs meðfram Flóttamannavegi frá bæjarmörkum við Kaldárselsveg að Urriðaholti til þess að auka afhendingaröryggi rafmagns í Garðabæ.

Í samræmi við 13.gr.skipulagslaga samþykkir skipulagsnefnd framkvæmdaleyfi fyrir lagningu jarðstrengsins.

16. 2104418 - Framkvæmdir - Efnislosun

Lögð fram umsókn tækni-og umhverfissviðs Garðabæjar um framkvæmdaleyfi fyrir efnislosun í Glerhallardýi á fyrirhuguðu golfvallarsvæði við vestan- og norðanverða Bessastaðatjörn eins og aðalskipulag og tillaga að deiliskipulagi gerir ráð fyrir. Efnið sem losað verður mun síðar verða nýtt til landslagsmótunar golfvallarins. Efnið sem losað verður á staðnum verður ómengaður jarðvegur úr uppbyggingarsvæðum á Álftanesi.

Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið í samræmi við 13.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

17. 2101506 - Rannsókn um deilibíla

Lagt fram.

18. 2103398 - Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Tillaga í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða umsögn tækni-og umhverfissviðs Garðabæjar sem umsögn Garðabæjar við tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

19. 2103047F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

19.1 2103291 - Viðbótar lóð við Nýjabæ - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn ábúenda á Nýjabæ II um það hvort til greina komi að skilgreina íbúðarhúslóð úti á túni vestan Nýjabæjar II.

Skipulagsstjóri telur að staðsetning húss á þessum stað sé ekki í samræmi við markmið deiliskipulags Garðahverfis sem m.a. leggur áherslu á að nýbyggingar verði nærri bæjarstæðum þeirra býla sem hafa staðir þar um aldir og að tún milli bæja haldi sér. Þar sem að íbúðarhús meðfram Garðavegi skera sig út úr búsetulandslagi í Garðahverfi væri æskilegra að nýbygging og lóð væri hluti af þeirri heild, t.d. við hlið Grundar eða Nýjabæjar 2.

19.2 2003297 - Hraunhólar 7 - breyting aðkoma að húsi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að gera innkeyrslu á lóðina Hraunhólar 7 frá Lynghólum. Innkeyrsla hefur verið gerð frá Lynghólum á lóðinni Hraunhólar 9 í óleyfi.

Skipulagsstjóri mælir ekki með því að lóðir við Hraunhóla séu með aðkomu frá Lynghólum og mun því hafna umsóknum um deiliskipulagsbreytingu þess efnis.

19.3 2004418 - Leiksvæði í Sjólandi - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Sjólands að lokinni grenndarkynningu sem gerir ráð fyrir því að sparkvöllur við Vesturbrú breytist í leiksvæði og sparkvöll. Lögð fram tillaga að nýrri útfærslu leiksvæðis og sparkvallar sem var einnig kynnt þeim sem grenndarkynning náði til. Engar athugasemdir hafa borist.

Breytingartillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Sjólands í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

19.4 2102190 - Ægisgrund 12-Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Skipulagsstjóri samþykkir vegg og 15 m² smáhýsi á lóðarmörkum fyrir hönd Garðabæjar sem eiganda aðliggjandi lands eins og teikning sýnir. Æskilegra er að girðing sé ekki hærrí en 1,5 m.

Ekki er heimilt að aka bifreiðum eftir göngustíg en ekki er gerð athugasemd við að hlið verði á girðingu þannig hægt verði að geyma kerrur inni á lóð sem verður þá komið þangað handvirkt.

19.5 2103298 - Brekkubyggð 35 neðri hæð - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um stækkun byggingarreits fyrir sólskála við austurhlið neðri hæðar Brekkubyggðar 35.

Deiliskipulag Brekkubyggðar að neðanverðu telst ekki í gildi þar sem það var samþykkt árið 1977 þ.e. áður en fyrsta aðalskipulag sveitarfélagsins tók gildi.

Með vísan í sambærilegar breytingar í öðrum húsum við Brekkubyggð að neðanverðu vísar skipulagsstjóri tillögunni til grenndarkynningar í samræmi við

l.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 sem byggingarleyfisumsókn á svæði án deiliskipulags. Samþykki annarra lóðarhafa liggur fyrir, þ.e. Brekkubyggðar 23, 25, 27,29,31,33,35 (efri hæðar) 37 og 39.

Grenndarkynna skal eigendum Brekkubyggðar 17,19,21, og 41.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

19.6 2103223 - Árakur 33 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimiluð verði þegar byggð 18 fermetra útigeymsla á horni raðhúslóðarinnar.

Geymslan stendur að hluta til utan lóðar og ekki hefur verið aflað samþykkis Garðabæjar fyrir girðingu sem risið hefur á lóðarmörkum.

Fyrirspurn vísað til skipulagsnefndar.

19.7 1911231 - Víkurgata 16 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu sem vísað hefur verið til grenndarkynningar. Lögð fram afrit af uppdráttum þar sem að allir þeir sem grenndarkynning nær til hafa með áritun sinni lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemd við breytingartillöguna.

Í samræmi við 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 er tímabil grenndarkynningar hér með stytta og tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta í samræmi við 2.mgr.43.gr.sömu laga.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

19.8 2103438 - Holtsvegur 45 - girðing -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskiplagshöfundar.

19.9 1602431 - Mosagata 16 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn vegna frágangs á lóð, m.a. skjólveggja. Lögð fram umsögn

deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri tekur undir þau atriði sem fram koma í umsögn. Ef víkja á frá deiliskipulagi skal leggja fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

19.10 2101527 - Kinnargata 21 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn og umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærslu þaks eins og tillaga sem barst með tölvupósti frá arkitekt þann 10.mars sl. Bent er á að samkvæmt deiliskipulagi er torf heimilað sem þakefni.

Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað stærð og staðsetningu bílageymslu varðar og vísast þar til umsagnar deiliskipulagshöfundar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

19.11 2101090 - Kinnargata 47 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem hækkun hæðarkóta frá uppgefnum kóta á hæðarblaði. Uppgefin hæðarkóti á byggingu er 68,75 fyrir íbúðir og 68,7 fyrir bílgeymslu. Byggingin er hæðasett í kóta 69,05 íbúðahluti og 69,0 bílgeymsla. Byggingin er innan hæðamarka deiliskipulagsins þrátt fyrir að vera hæðasett 30 cm hærra en hæðarblað gerir ráð fyrir.

Jákvæð umsögn gatnahönnuðar liggur fyrir.

Skipulagsstjóri gjörir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

19.12 2103309 - Hraungata 52 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn hvort heimilað verði að nota þakpappa sem ystu klæðningu í þaki. Með vísan í aðrar sambærilegar afgreiðslur gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað notkun þakpappa varðar á meðan litur er í gráskala. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

19.13 2103318 - Hraungata 54 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn hvort heimilað verði að nota þakpappa sem ystu klæðningu í þaki. Með vísan í aðrar sambærilegar afgreiðslur gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað notkun þakpappa varðar á meðan litur er í gráskala. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20. 2104025F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

20.1 2104095 - Strönd, 225 Garðabæ - gestastofa, Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn eiganda Strandar við Höfðabraut á Álftanesi hvort heimilað verði að reisa smáhýsi á lóðinni sem ætlað er til íveru (gestahús). Flatarmál yrði 15 m².

Svar skipulagsstjóra: Þar sem að húsið er ætlað til íveru gilda ekki ákvæði byggingarreglugerðar um smáhýsi á lóð sem undanþegin eru byggingarleyfi. Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og þar af leiðandi enginn byggingarreitur skilgreindur þurfa allar byggingarleyfisumsóknir að undirgangast grenndarkynningarferli í samræmi við 44.gr.skipulagslaga. Ef tillögu er vísað til grenndarkynningar í samræmi við framangreinda grein þá þarf tillagan að vera í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Tvö hús á lóð ætluð til íveru (íbúðarhús og gestahús) geta seint talist til sama byggðamynsturs og byggð við Höfðabraut. Öðru máli gegnir um viðbyggingu við húsið.

Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er í mótun en það er ekki sennilegt að samþykkt verði að heimila aukahús á lóð til íveru þar sem það hefði mikið fordæmisgildi í einbýlishúsabyggð.

Ef eingöngu er horft til staðsetningu smáhýsis sem ekki er ætlað til íveru er tillaga A ekki æskileg vegna nándar við næsta hús og staðsetningar í bili milli húsa, tillaga C kæmi til greina ef smáhýsið stendur lágt í landi og spillir ekki útsýni frá næsta húsi. Tillaga B væri æskilegasta staðsetningin en kallar á góða lausn ef ekki á að raska ásýnd hússins.

20.2 2102057 - Hólmatún 25 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hólmatúns sem nær til parhúslóðarinnar Hólmatún 25 að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur smáhýsum á lóð allt að 20 m² að samanlögðum grunnfleti. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi Hólmatúns í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.1213/2010.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20.3 2104212 - HS Veitur lóð Bjarnastaðir - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn Veitna fyrir nýrri staðsetningu spennistöðvar á lóð Bjarnastaða sem er í eigu Garðabæjar. Reisa á nýja stöð sem leysir nústandandi spennustöð af en hún stendur um 7 m norðar en staðurinn sem spurt er um.

Skipulagsstjóri vísar tillögu um nýja lóð fyrir spennistöð til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr. og 5.mgr.13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Grenndarkynna skal eigendum Sveinskotsvarar 2, Hákotsvarar 1 og Þóroddarkots 2.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20.4 2102344 - Hraunhólar 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi þar sem sýndur er lóðarfrágangur sem er ekki í samræmi við samþykkt byggingarleyfi. Norðurhluti lóðar er ekki stallaður eins og samþykkt var og er því ásýnd lóðarinnar að Lynghólum öðru vísi en til stöð.

Skipulagsstjóri óskar eftir rökstuddri skýringu á því af hverju lóðin hefur verið útfærð með öðrum hætti en byggingarleyfi var veitt fyrir.

20.5 2103549 - Breiðás 5 - stækkun bílskúrs Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn um 10,5 m² viðbyggingu við enda nústandandi bílageymslu. Árið 1981 var veitt byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni en hún aldrei reist. Deiliskipulag gerir ráð fyrir opnum byggingarreit á lóðinni og hefð er fyrir bílageymslu á þessum stað. Ef samþykki eigenda aðliggjandi lóðar liggur fyrir þar sem að bílageymslan liggur að lóðarmörkum gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við byggingarleyfi sé veitt fyrir stækkuninni.

20.6 2103068 - Sunnuflöt 17 - dsk breyting

Farið yfir óskir til heilbrigðisráðherra um undanþágur frá takmörkunum settum fram í reglugerðum vegna COVID-19 og hvernig þær snúa að sveitarfélögum og húsnæði á þeirra vegum.

Afgreiðsla: Kynning. Verður unnið áfram á grundvelli AHS.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:40.

**Fundir vegna SHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 16. apríl.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.


Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársreikningur SHS 2020, dags. 26. mars 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. mars 2021.
- Umsögn endurskoðunarnefndar SHS um ársreikning 2020, dags. 24. mars 2021.
- Umhverfisskýrsla SHS 2019 - 2020, dags. 26. mars 2021.
- Undirbúningur áætlunargerðar vegna höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. mars 2021.
- Erindisbréf stýrihóps og samráðsnefnda vegna húsnæðismáls löggæslu og viðbragðsaðila – næsta stig verkefnisins, dags. 8. mars 2021.


Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B Eggertsson




Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 06.04.2021
Tími: 14:02:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9

f.h. Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson




Undirritað af:
Haraldur Sverrisson
1412617119
Dags: 26.03.2021
Tími: 14:04:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9

f.h. Seltjarnarness
Ásgerður Halldórsdóttir




Undirritað af:
Ásgerður Halldórsdóttir
0606565929
Dags: 29.03.2021
Tími: 09:17:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9

f.h. Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir




Undirritað af:
Rósa Guðbjartsdóttir
2911653899
Dags: 16.04.2021
Tími: 09:48:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9

f.h. Kópavogsbæjar
Ármann Kristinn Ólafsson



Undirritað af:
Ármann Kristinn
Ólafsson
1707665049
Dags: 16.04.2021
Tími: 08:29:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9

f.h. Garðabæjar
Gunnar Einarsson



Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 26.03.2021
Tími: 14:49:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dbcdc55c-
e8f7-4cad-bf24-
b0a87ec1a7e9



Reykjavík, 16. apríl 2021
Fundargerð 227. fundar

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 16. apríl var haldinn 227. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdarráð almannanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:15.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Anna Margrét Jóhannesdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Árleg samantekt á gögnum til stjórnar og framsetningu þeirra

Anna Margrét Jóhannesdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fóru yfir skoðun sína á framsetningu gagna til stjórnar SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

Kl. 09:30 Anna Margrét og Guðjón Hlynur yfirgefa fundinn.

2. Brunavarnir í íbúðum – úrbótatillögur í kjölfar brunans við Bræðraborgarstíg

Úrbótatillögur um brunavarnir í íbúðum sem birtar eru í nýútkominni skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar yfirfarnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla HMS – Brunavarnir í íbúðum, dags. 26. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar

Slökkviliðsstjóri fór yfir samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar á árunum 2018 – 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- 2018-2020 – Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar, dags. 16. apríl 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19

Gerð grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um endurgreiðslu kostnaðar SHS af völdum heimsfaraldurs COVID-19 á árinu 2020. Slökkviliðsstjóri leggur til að tillaga SÍ verði samþykkt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19. Kynning.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Önnur mál

Sagt frá þjálfunarmálum sem eru í gangi hjá SHS.

Fundi slitið klukkan 10:00.

**Fundir vegna SHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 21. maí.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.


Fylgiskjöl:

SHS:

- Skýrsla HMS – Brunavarnir í íbúðum, dags. 26. mars 2021.
- 2018-2020 – Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar, dags. 16. apríl 2021.
- Samningaviðræður við SÍ vegna kostnaðar SHS af COVID-19. Kynning.


Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B Eggertsson




Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 16.04.2021
Tími: 13:58:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

f.h. Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson




Undirritað af:
Haraldur Sverrisson
1412617119
Dags: 16.04.2021
Tími: 13:57:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

f.h. Seltjarnarness
Ásgerður Halldórsdóttir




Undirritað af:
Ásgerður Halldórsdóttir
0606565929
Dags: 16.04.2021
Tími: 15:46:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

f.h. Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir




Undirritað af:
Rósa Guðbjartsdóttir
2911653899
Dags: 16.04.2021
Tími: 14:37:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

f.h. Kópavogsbæjar
Ármann Kristinn Ólafsson



Undirritað af:
Ármann Kristinn
Ólafsson
1707665049
Dags: 16.04.2021
Tími: 14:25:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

f.h. Garðabæjar
Gunnar Einarsson



Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 26.04.2021
Tími: 08:33:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ad24c85e-
f91c-4418-8dba-
ebd0d6722f53

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

338. fundur

Föstudaginn 9. apríl 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Margrét Friðriksdóttir (MF), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála.

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningur 2020.
2. Innri endurskoðun fyrir árið 2021.
3. Útvistunarmál.
4. Aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum.
5. Tilraunaverkefni vegna auglýsinga inni í vögnum.
6. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk.
7. Önnur mál.
 - a. Vinnutímastytting vaktavinnufólks.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2020

Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings Strætó fyrir árið 2020.

Sturla Jónsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, fór yfir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings Strætó 2020.

Lárus Ögmundsson, formaður endurskoðunarnefndar Strætó, kynnti umsögn nefndarinnar dags. 06.04.2021 um ársreikning Strætó 2020.

Stjórn samþykkir ársreikninginn sem verður áritaður rafrænt í kjölfar fundarins.

2. Innri endurskoðun fyrir árið 2021

Fyrir fundinum lá ráðningarbréf vegna innri endurskoðunar fyrir árið 2021 frá Deloitte endurskoðun. Stjórn samþykkir ráðningarbréfið, stjórnarformaður áritar ráðningarbréfið fyrir hönd stjórnar.

3. Útvistunarmál

Áframhaldandi umræða um útvistunarmál. Umræðum framhaldið á næsta stjórnarfundi.

4. Aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum

Fyrir fundinum lá greinargerð frá framkvæmdastjóra varðandi aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum.

5. Tilraunaverkefni vegna auglýsinga inni í vögnum

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að tilraunaverkefni um sölu auglýsinga inni í vögnum. Stjórn samþykkir tilraunaverkefnið sem er til eins árs.

6. Ferðaðþjónusta fyrir fatlað fólk

Erlendur Pálsson, sviðstjóri Pant, kynnti niðurstöður þjónustukönnunar sem gerð var meðal notenda Pant.

Erlendur kynnti einnig hugmynd að tilraunaverkefni í eitt ár til að auka nýtingu bifreiðar í akstursþjónustunni og samþykkti stjórn fyrir sitt leyti að til prufu yrði pöntunarþjónusta í Mosfellsdal notuð og málið unnið áfram með fulltrúa Mosfellsbæjar.

Erindi frá Hópbílum var lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við útfærslu á vinnutímastyttingu vaktavinnufólks hjá Strætó.
- b. Fyrirspurn frá fulltrúa Hafnarfjarðar varðandi ábendingar viðskiptavina varðandi leið 19. Fundað hefur verið viðkomandi verktaka varðandi þær.
- c. Fyrirspurn varðandi sérstakt framlag vegna Covid tekjufalls frá ríkinu.
- d. Ábending frá fulltrúa Mosfellsbæjar vegna tillagna frá hópi áhugafólks um samgöngur (ÁS).

Fylgiskjöl:

Ársreikningur Strætó 2020

Kynning á ársreikningi 2020

Þjónustukönnun meðal notenda Pant akstursþjónustu.

Fundi slitið kl. 13:00.

Hjálmar Sveinsson

Margrét Friðriksdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

**FUNDARGERÐ 446. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 9. apríl 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Bjarki Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, situr fundinn undir lið 3.

Tekið fyrir**1. Febrúaruppgjör**

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir uppgjöri febrúarmánaðar.

Bjarki Bjarnason vikur af fundi klukkan 14:29

2. Skógrækt í Álfsnesi - minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um skógrækt í Álfsnesi.

Fyrirhugað er að hefja skógrækt í Álfsnesi með því að planta 5.280 trjám í Álfsnesi sumarið 2021 undir faglegri stjórn Skógræktarfélag Reykjavíkur. Stefnt er að því að gróðursetja 200.000 tré í Álfsnesi fyrir lok árs 2023.

Kolbrún Þorsteinsdóttir kom á fund 14:42.

3. Úrgangstölfræði heimilanna 2020

Sérfræðingur í sjálfbærni gerir grein fyrir úrgangstölfræði heimilanna 2020. Áform eru um að kynna niðurstöðurnar fyrir öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

4. Staða og horfur moltu og metangass framleiðslu GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni á tilraunafasa GAJA og afurðum hennar. Stjórn kallar eftir minnisblaði framkvæmdastjóra.



5. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá Sorpstöð Suðurlands um móttöku á óvirkum og grófum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra er falið að bregðast við erindi forsvarsfólks SOS og eiga með þeim fund.“

6. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður fimmtudaginn 15. apríl klukkan 15:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:22.



Stjórn SSH 523. fundur

Mánudaginn 12. apríl 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M, Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur SSH 2020 / málsnr. 2101004

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2020 og hefur hann verið yfirfarinn af skoðunarmönnum. Gestur fundarins undir þessum lið er Hlynur Sigurðsson endurskoðandi sem kynnir stjórn SSH endurskoðun ársreiknings, niðurstöðu hans og helstu skýringar.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning og er hann sendur stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Starfshópur, sem skipaður var á 519. fundi stjórnar SSH hinn 1. febrúar 2021, hefur nú lokið störfum og fyrirliggjandi er minnisblað með tillögum hans ásamt viðaukum. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH og formaður starfshópsins kynnir það starf sem fram fór skv. erindisbréfi, helstu tillögur hópsins og fyrirhuguð næstu skref við þessa vinnu samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir. Sérstaklega eru kynntar tillögur varðandi skipan stefnuráðs og hugsanlega tímalínu.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og verður tekið til frekari umræðu á fundi stjórnar 3.mái nk.

3. Rekstraráætlun almenningsamgangna / málsnr. 2104001

Farið yfir vinnu við rekstraráætlun Nýs leiðanets, þ.m.t. Borgarlínu. Gestur fundarins undir þessum lið er Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. sem kynnir helstu atriði vinnunnar og þær forsendur sem hún byggir á.



Niðurstaða fundar:

Frekari umræða verður á fundi stjórnar í maí þegar frekari upplýsingar liggja fyrir eftir endurskoðun á forsendum úr samgöngulíkani.

4. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Gestur fundarins undir þessu lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Páll Björgvin og Birgir Björn fara yfir stöðu verkefnisins m.a. um drög að ástandsskýrslu skilavega sem unnið er að.

Niðurstaða fundar:

Málið verður aftur tekið fyrir á fundi stjórnar 3.maí nk.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Eftirfarandi er til umræðu undir þessum lið:

- a) Umræða um framlög sveitarfélaga til Samgöngusáttmálans vegna árána 2019 til 2021. Fyrirliggjandi er yfirlit yfir framlög til samgöngusáttmála m.a. vísitölu hans. Þá er fyrirliggjandi drög að greiðsluáætlun m.v. uppfærð framlög skv. vísitölu, eftirstöðvar 2019 og framlög sveitarfélaganna á árinu 2020. Páll Björgvin og Birgir Björn kynna fyrirliggjandi gögn.
- b) Fjárhagsskipan Betri Samgangna ohf. Framhald umræðu frá 521. fundi stjórnar SSH. Gestir fundarins undir þessum lið eru Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. og Birgir Björn Sigurjónsson. Þá liggur fyrir minnisblað um reikningshaldslega meðferð greiðslna vegna samgöngusáttmála. Birgir Björn kynnir fyrirliggjandi tillögur um reikningshaldslega meðferð.

Niðurstaða fundar:

Hvað varðar lið a) eru drög að uppreiknuðum framlögum og greiðsluáætlun lögð fram til kynningar. Yfirfarið verði með ríkinu samræming á uppreikningi framlaga vegna vísitölu.

Hvað varðar lið b) leggur stjórn SSH til að fylgt verði tillögu um að líta á framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans sem uppbyggingu á sameiginlegum samgönguinnviðum, joint venture, og færa eignarhluti í samræmi við hlutdeild í framlögum sveitarfélaganna.

Ekki gafst tími til að taka fleiri mál á dagskrá og er fundi því frestað kl. 14:10 mánudaginn 12. apríl. Fundur hefst að nýju mánudaginn 19. apríl kl. 13:00. Sömu stjórnarmenn mættir og 12.apríl, að undanskildum Karli M. Kristjánssyni



6. Sóknaráætlun / málsnr. 1906002

Á 518. fundi stjórnar SSH var lögð fram skýrsla ráðgjafastofunnar Resource dags. 14. janúar 2021 um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar dags. 12. janúar 2021, vegna erindis 1906002 um stöðu sóknaráætlunarverkefna fyrir árið 2020.

Eftirfarandi var bókað í fundargerð vegna málsins:

Þá er skrifstofu SSH falið að senda skýrslu um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaganna til kynningar og umræðu. Að umræðu lokinni verður tekin ákvörðun um næstu skref verkefnisins.

Afgreiðsla sveitarfélaganna liggur nú fyrir og er erindið lagt fram að nýju. Einnig liggur fyrir minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar dags. 12. apríl 2021 með tillögum að næstu skrefum. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir tillögur starfshóps samkvæmt framansögðu. Lagt er til að verkefnastjóri verði ráðinn til að móta tillögur að samræmdu úrgangsflokkunarkerfi á höfuðborgarsvæðinu í samráði við starfshópin sem jafnframt verði falið að starfa áfram.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur starfshópsins í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.

7. Sóknaráætlun / málsnr. 1906002

Fyrirliggjandi er skýrslan *Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins* dags. febrúar 2021 sem var unnin af ráðgjafastofunni Resource fyrir SSH. Skýrslan er hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2021. Einnig er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 12. apríl 2021 um næstu skref sóknaráætlunarverkefnisins fyrir árið 2021. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir umrætt minnisblað frá 12. apríl 2021 þar sem lagt er til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að rýna umrædda skýrslu og móta tillögur að sameiginlegri loftslagsáætlun sem verði svo útfærð nánar á vettvangi hvers sveitarfélags.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.



8. Nýsköpunarvika / málsnr. 2103003

Fyrirliggjandi er erindi frá bæjarráði Garðabæjar, þar sem styrkbeiðni Nýsköpunarviku er vísað til umfjöllunar stjórnar SSH. Fyrirhugað er að Nýsköpunarvikan fari fram 26. maí – 2. júní nk. og liggur fyrir styrkbeiðni til bæjarstjóra Garðabæjar vegna 1.000.000 kr. árlegs framlags til næstu þriggja ára.

Niðurstaða fundar:

Ekki er gert ráð fyrir frekara fjármagni til nýsköpunarverkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins á árinu 2021. Sveitarfélög sem aðild eiga að SSH hafa fengið samhljóða styrkbeiðni frá Nýsköpunarviku og telur stjórn rétt að afgreiðsla hennar fari fram á vettvangi hvers sveitarfélags fyrir sig.

9. Breytingar á starfsreglum svæðisskipulagsnefndar / málsnr. 2102006

Á 520. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað undir máli 2009001/ Aðalfundur 2020:

Niðurstaða fundar:

Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á núgildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. með tilliti til aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfsemi.

Málið var tekið fyrir á 99. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og ákveðið að hefja rýni á núgildandi starfsreglum nefndarinnar, sbr. fyrirliggjandi bréf svæðisskipulagsstjóra dags. 5. mars 2021. Fyrirséð er að þessi vinna kalli einnig á breytingar á samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins frá 24. ágúst 2012.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

10. Kjarasamningar, stytting vinnuviku / málsnr. 2009002

Framhald umræðu frá fyrri fundum stjórnar um þetta málefni. Gestir fundarins undir þessum lið eru Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu hjá Hafnarfjarðarkaupstað og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri í hagdeild hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Kynna þau m.a. ferli þessarar innleiðingar hjá Hafnarfjarðarbæ og kostnað henni samfara miðað við óbreytt þjónustustig.

Niðurstaða fundar:

Stjórn óskar eftir því við skólamálanefnd SSH að hún geri yfirlit yfir áhrif af styttingu vinnuviku á starfsemi hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Er þá einkum leitað eftir því hvernig útfærsla er háttáð, hver kostnaðurinn af henni sé, sem og áhrif á þjónustustig á frístundaheimilum, leikskólum og öðrum vinnustöðum sem við eiga.



11. Sumarlokun skrifstofu SSH / málsnr. 2006002

Fyrirliggjandi er minnisblað með tillögum um fyrirhugaða sumarlokun skrifstofu SSH, en lagt er til að skrifstofan verði lokuð frá 19.–30. júlí.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

12. Greiðslur vegna vinnu í starfshópum / málsnr. 2102009

Framhald umræðu frá fyrri fundum en umræðu um þennan lið var frestað á 521. fundi stjórnar SSH.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

13. Málefni Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er ársreikningur Fjölsmiðjunnar 2020, ásamt kynningarglærum um fjárhag og starfsemina, auk beiðnar um samtal um langtímafjármögnun Fjölsmiðjunnar. Pál Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir framangreint.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

14. Samráðsfundur um stöðu fjarskipta – grænbók fjarskiptaáætlunar / málsnr. 2104002

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu, vegna rafræns samráðsfundar um stöðu fjarskipta sem haldinn verður mánudaginn 19. apríl nk. Óskað er efir erindum frá SSH á umræddan fund.

Ákveðið var á milli stjórnarfunda að halda ekki rafrænan samráðsfund að svo stöddu, en taka málið fyrir að nýju þegar það liggur betur fyrir m.a. við gerð hvítbókar.

15. Erindi Áhugafólks um samgöngur fyrir alla / málsnr. 2104003

Fyrirliggjandi er erindi ÁS, Áhugafólks um samgöngur fyrir alla, um BRT-Lite hraðvagnakerfi sem sent var með tölvupósti dags. 20. mars 2021. Erindið var jafnframt sent þingmönnum, borgar- og bæjarfulltrúum, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Betri samgöngum ohf. og Vegagerðinni.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.



16. Móttaka jarðefna við Bolaöldu

Fyrirliggjandi er minnisblað frá skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, dags. 23. mars 2021, þar sem fjallað er um móttöku á jarðefnum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, og samning við Bolaöldur ehf. vegna hennar.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum því frestað.

17. Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæðanna

Lagt fram til kynningar:

Fundargerð 391. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 17. mars 2021.

Rekstraryfirlit skíðasvæðanna vegna ársins 2020.

Minnisblað Magnúsar Árnasonar, dags. 15. mars 2021, um stöðuna í fjöllum og áhrif Covid-19.

18. Fundargerð byggðamálaráðs

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 15. fundar byggðamálaráðs, 4. febrúar 2021.

19. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 568. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, hinn 24. mars 2021.

20. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 21. apríl 2021 haldinn 392. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:37.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B Andreassen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um stöðu útboðs og framkvæmda.
2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um salerni á suðursvæði. Jafnframt lagt fram að nýju bréf SSH dags. 8. mars 2021 um málefni skíðasvæðanna.
 - kl. 08:55 kom Rúnari Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ á fundinn.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna telur brýnt að bæta úr aðstöðu fyrir skíðagöngufólk og hraða uppbyggingu slíkrar aðstöðu. Fyrir liggja hugmyndir um staðsetningu á salernisaðstöðu sem myndi nýtast bæði skíðagöngufólki, iðkendum og öðrum gestum á suðursvæði Bláfjalla. Nefndin mælir með því að slíkri aðstöðu verði komið upp hið fyrsta. Þá samþykkir nefndin að skipa vinnuhópa til að skoða aðstöðumál fyrir skíðagöngufólk og til að skoða öll skálamál í Bláfjöllum.

3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um stöðuna í fjöllumum.
4. Rætt um samstarfssamning sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna sem rennur út um næstu áramót. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra ÍTR falið að vinna minnisblað vegna nýs samnings.
 - 09:50 víkja Magnús Örn Guðmundsson og Kristín María Thoroddsen af fundi.

Fundi slitið kl. 09:58.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltsted
Björg Fenger

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Fsk. með fundargerð

Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um snyrtingar

Bréf SSH dags. 8. mars 2021 vegna framkvæmda á skíðasvæðum.

Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 20. apríl 2021 um stöðuna í fjöllumum.

SAMÞYKKT

um Heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. gr.

Markmið

- 1.1. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes, nefnt Heilbrigðiseftirlitið, skammstafað HEF, er byggt á samstarfi fimm sveitarfélaga, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar. Heimili þess og varnarþing er í Garðabæ.
- 1.2. Um fyrirkomulag stjórnar, starfsmanna, starfssvæðis og framkvæmd fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Um skipan heilbrigðisnefndar

- 2.1. Heilbrigðisnefnd er skipuð eftir sveitarstjórnarkosningar á fjögurra ára fresti með eftirfarandi hætti:
 - 2.1.1. Garðabær tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 - 2.1.2. Hafnarfjörður tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 - 2.1.3. Kópavogur tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 - 2.1.4. Mosfellsbær tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 - 2.1.5. Seltjarnarnesbær tilnefnir einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 - 2.1.6. Samtök atvinnulífs tilnefna einn fulltrúa í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
- 2.2. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum og ræður meirihluti atkvæða afgreiðslu mála. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.
- 2.3. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu kosnir til tveggja ára í senn og skal skiptast á milli Hafnarfjarðar og Kópavogs. Forfallist formaður eða varaformaður varanlega á kjörtímabilinu skulu sömu sveitarfélög tilnefna fulltrúa í þeirra stöður.
- 2.4. Framangreindir fulltrúar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Auk þess á fulltrúi náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna rétt til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.
- 2.5. Fulltrúi Umhverfisstofnunar og yfirlæknir heilsugæslu sveitarfélaganna geta óskað eftir seturétti á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

3. gr.

Hlutverk heilbrigðisnefndar

- 3.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.
- 3.2. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.
- 3.3. Heilbrigðisnefnd er málsvari HEF og framfylgir samþykktum nefndarfunda.
- 3.4. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál.
- 3.5. Heilbrigðisnefndin fer með yfirstjórn á rekstri HEF og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem sveitarfélögin hafa samþykkt.

3.6. Heilbrigðisnefnd mótar starfsmanna- og launastefnu fyrir HEF.

4. gr.

Fundir heilbrigðisnefnda

- 4.1. Heilbrigðisnefndarfundi skal halda eftir þörfum og er nefndarfundur ályktunarhæfur séu þrír nefndarmenn viðstaddir.
- 4.2. Fundir eru boðaðir ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef eitt aðildarsveitarfélag krefst þess skriflega.
- 4.3. Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða heilbrigðisnefndarfundi í samráði við formann nefndarinnar. Telji formaður stjórnar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun, getur hann hlutast til um fundarboðunina.
- 4.4. Framkvæmdastjóri í samráði við formann heilbrigðisnefndar útbýr dagskrá heilbrigðisnefndarfunda.
- 4.5. Framkvæmdastjóri eða heilbrigðisfulltrúi í umboði hans situr nefndi heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétt.
- 4.6. Fundargerðir og fundarsamþykktir heilbrigðisnefndarfunda skal færa í sérstaka fundargerðabók.
- 4.7. Heimilt er að rita fundargerð í tölvu. Sé það gert skal skrá í fundargerðarbók númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í fundargerðarbók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Fundargerð skal í lok fundar prentuð, lesin upp og undirrituð af fundarmönnum auk þess skulu þeir setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu. Að fundi loknum er fundargerð ásamt fundargögnum send til aðildarsveitarfélaga til upplýsingar.

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og framkvæmdastjóri

- 5.1. Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra, markar starfssvið hans og launakjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
- 5.2. Framkvæmdastjóri veitir Heilbrigðiseftirlitinu forstöðu og annast framkvæmd málefna eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður og hefur á hendi, fjármálastjórn og starfsmannastjórn.
- 5.3. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.
- 5.4. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins og sér um að ársskýrsla og ársreikningur sé fullgerður, endurskoðaður og áritaður og semur fjárhagsáætlun, sbr. ákvæði 46. gr. laga nr.7/1998.
- 5.5. Framkvæmdastjóra er skylt að leggja fyrir heilbrigðisnefnd allar stefnumarkandi ákvarðanir.
- 5.6. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að starfsmanna- og launastefnu sé fylgt.

6. gr.

Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits

- 6.1. Með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998 felur Heilbrigðisnefnd framkvæmdastjóra og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúum eftirfarandi embættisafgreiðslur:
 - 6.1.1. Útgáfa eftirfarandi starfsleyfa:
 - a. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit með síðari breytingum, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Þegar athugasemdir berast við drög að starfsleyfi skal framkvæmdastjóri leggja málið í hendur formanns sem

- ákveður hvort eigi að leggja þær fyrir heilbrigðisnefnd til afgreiðslu eða hvort framkvæmdastjóri afgreiði starfsleyfið eftir sem áður.
- b. Starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
 - c. Starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli með síðari breytingum og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
 - d. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.
- 6.1.2. Heilbrigðisfulltrúar sjá um að gefa sýslumanni umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.
 - 6.1.3. Heilbrigðisfulltrúum er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar.
 - 6.1.4. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
- 6.2. Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 6.1.1-6.1.4 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.
- 6.3. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu starfsmanna heilbrigðiseftirlits skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.
- 6.4. Framangreindar afgreiðslur starfsmanna skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Um árgjöld

- 7.1. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu.
- 7.2. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af aðildarsveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

8. gr.

Um breytingar á samþykktum og gildistökuákvæði

- 8.1. Breytingar á samþykktum þessum þarfnast samþykki allra aðildarsveitarfélaga.
- 8.2. Samþykkt þessi öðlast gildi við samþykki hennar og skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt á fundi sveitarfélaga

dags.

Samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar

dags.

*Ath. vantar ákvæði til bráðabirgða varðandi eignir og upphaf
starfstíma og skipan heilbrigðisnefndar við stofnun.*

Rekstrartekjur	Heilbrigðisefirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis				Fjárhagsáætlun 2021		Hlutfall		Samræming við HHK		Skýr. 1.
	Hundaefirlit	Heilbr.efirlit HHK	Heilbr.efirlit Kjós	Samtals	t/g	óbr. framliög	Samræming við HHK Sjá forsendur	Samtals	Skýr. 2.		
Eftirlitsgjöld	24.000.000	102.000.000	19.467.154	145.467.154	93,3%	145.467.154	150.528.614	100,0%	150.528.614	1.	
Leyfisgjöld	0	5.000.000	2.000.000	7.000.000	4,5%	7.000.000	7.000.000	100,0%	7.000.000	1.	
Aðrar tekjur	500.000	2.000.000	956.760	3.456.760	2,2%	3.456.760	3.456.760	100,0%	3.456.760	1.	
Gjöld	24.500.000	109.000.000	22.423.914	155.923.914	100,0%	155.923.914	160.985.374	100,0%	160.985.374	1.	
Heilbrigðisnefnd	800.000	4.500.000	3.864.488	9.164.488	3,7%	9.164.488	5.300.000	57,7%	5.300.000	2.	
Laun og launatgjöld	13.500.000	135.000.000	30.195.747	178.695.747	72,1%	178.695.747	178.695.747	100,0%	178.695.747	2.	
Húsnæðiskostnaður	1.500.000	8.500.000	1.890.000	11.890.000	4,8%	11.890.000	11.890.000	100,0%	11.890.000	2.	
Skrifstofukostnaður	1.000.000	8.000.000	546.000	9.546.000	3,9%	9.546.000	9.546.000	100,0%	9.546.000	2.	
Tölvukostnaður * nýtt málakerfi	500.000	2.000.000	850.000	2.850.000	1,1%	2.850.000	2.850.000	100,0%	2.850.000	2.	
Akstur	100.000	3.500.000	1.355.000	5.355.000	2,2%	5.355.000	5.355.000	100,0%	5.355.000	2.	
Funda- og fræðslukostnaður	1.000.000	900.000	277.000	1.277.000	0,5%	1.277.000	1.277.000	100,0%	1.277.000	2.	
Aðkeypt þjónusta	6.000.000	2.000.000	8.070.000	21.070.000	8,5%	21.070.000	18.070.000	85,7%	18.070.000	3.	
Annar rekstrarkostnaður	24.400.000	176.400.000	47.048.235	247.848.235	100,0%	247.848.235	240.983.747	97,2%	240.983.747	3.	
Rekstrarniðurstaða ársins	-100.000	67.400.000	24.624.321	91.924.321	37,1%	91.924.321	79.998.373	85,9%	79.998.373	4.	
Framlög aðildarféлага										5	
Hafnarfjörður		fjöldi íbúa 01/2020		27.105.565		27.105.565	23.588.981		23.588.981	5	
Garðabær				15.305.948		15.305.948	13.320.207		13.320.207	5	
Kópavogur				34.329.857		34.329.857	29.876.018		29.876.018	5	
Mosfellsbær				12.069		10.915.120	9.499.030		9.499.030	5	
Seltjarnarnes				4.719		4.267.831	3.714.137		3.714.137	5	
Kjósarhreppur				101.642		357.042	357.042		357.042	5	
Niðurstaða ársins				91.924.321		91.924.321	79.998.373		79.998.373	5	

Forsendur við endurskoðaða fjárhagsáætlun

- Eftirlitsgjöld samræmd og tímagjald hækkað til jafns og hjá HHK. Tímagjald HHK er 26% hærra en í H.Kjós. Eftirlitsgjöld vegna stofnanna sveitarfélaganna Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes hækka um kr.2.0 millj.
- Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir 6 nefndarmönnum og því færkar nefndarmönnum. Með nýjum samþykktum þar sem framkvæmdastjóra er fallið að afgreiða starfsleyfi á milli funda, ætti ekki að vera þórf á fleiri fundum.
- Aukin sérhæfing og þekking sparar í aðkeyptri þjónustu áætlað um 3 millj. Gert er ráð fyrir óbreyttum húsnæðiskostnaði sameiginlega.
- Framliög samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 fyrir HHK voru 33,5%.
- Framliög Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar eru óbreytt miðað við breyttar forsendur en framlag Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes lækkar um kr.11 millj. Nettólækkun á kostnaði við heilbrigðisefirlit er því um 9 millj. fyrir Mosfellsbæ og Seltjarnarnes ef miðað er við að framlög sé skipt eftir íbúðafjölda.

Bæjarstjórn Garðabæjar

Tillaga:

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela tækni- og umhverfissviði að skoða möguleika á útfærslu skilmála er snúa að flokkun úrgangsstrauma við byggingarframkvæmdir í sveitarfélaginu.

Greinargerð:

Á tímum aukinnar sjálfbærni og hringrásarhagkerfis er mikilvægt að horft sé á alla þætti. Garðabær hefur sett sér skýra stefnu í úrgangsmálum og á Alþingi er unnið að nýrri löggjöf um úrgang. Nágrannaþjóðir okkar hafa gert mun strangari kröfur á byggingaraðila hvað varðar flokkun úrgangs og þróunin er hröð. Það er því vel við hæfi að Garðabær taki stærri skref með því að þróa og innleiða skilmála er snúa að flokkun úrgangsstrauma þar sem umhverfisþættir fái meira vægi og verði hluti útboðsgagna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs
Jóna Sæmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar